

LÖG um breytingu á lögum um almennar íbúðir, nr. 52/2016 (staða stofnframbla).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. mgr. 7. gr. laganna bætist nýr málslíður sem orðast svo: Ráðherra getur veitt undanþágu frá lágmarksfjölda fulltrúa í fulltrúaráði þegar um húsnæðissjálfseignarstofnun með færri en tíu íbúðir er að ræða.

2. gr.

4. mgr. 15. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Á eftir 15. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, 15. gr. a og 15. gr. b, ásamt fyrirsögnum, sem orðast svo:

a. (15. gr. a.)

Staða stofnframbla hjá sveitarfélögum.

Stofnframbla sem sveitarfélög fá frá ríkinu vegna almennra íbúða og krafist er endurgreiðslu á skulu sveitarfélög færa sem eignarhlut ríkisins vegna viðkomandi íbúða og skal eignarhluturinn bókaður á nafnverði innborgaðs stofnframlangs ríkisins. Rekstur almennra íbúða og stofnframbla ríkisins sem krafist er endurgreiðslu á skulu færð í sérstaka rekstrarreiningu í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélags, sem skal vera aðgreind frá annarri starfsemi sveitarfélagsins.

Stofnframbla sveitarfélags vegna almennra íbúða þess skal færa meðal eiginfjár viðkomandi rekstrarreiningar.

Þrátt fyrir 1. mgr. skal sveitarfélagið hafa af eigninni allar tekjur og bera allan kostnað vegna rekstrar hennar og fjármögnunar umfram stofnframbla.

b. (15. gr. b.)

Staða stofnframbla hjá sjálfseignarstofnunum sem stunda atvinnurekstur.

Sjálfseignarstofnun sem stundar atvinnurekstur og uppfyllir skilyrði 3. tölul. 1. mgr. og 2. mgr. 10. gr. skal færa stofnframbla ríkis og sveitarfélaga sem stofnfé meðal eiginfjárlíða, sbr. III. kafla laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, nr. 33/1999, aðgreint frá stofnfé stofnaðila.

Nr. 115

20. október 2016

Ef skilyrði er sett um endurgreiðslu stofnframlaga við veitingu stofnframlaga ríkis og sveitarfélaga skal sjálfseignarstofnun sem stundar atvinnurekstur færa stofnframlagið sem skilyrt stofnfé meðal eiginfjárlíða, sbr. III. kafla laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, nr. 33/1999.

Stjórn endurgreiðir skilyrt stofnfé sjálfseignarstofnunar sem stundar atvinnurekstur á grundvelli 1.–3. mgr. 16. gr. séu skilyrði 1. mgr. 13. gr. laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, nr. 33/1999, uppfyllt.

4. gr.

Í stað orðanna „2. mgr.“ í 1. málsl. ákvæðis til bráðabirgða II í lögnum kemur: 3. mgr.

5. gr.

Ákvæði til bráðabirgða IV í lögnum fellur brott.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 20. október 2016.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Eygló Harðardóttir.

A-deild – Útgáfud.: 25. október 2016